

framkvæmd verksins. Þá er það öllum vitanlegt að einstaklingum er óheimilt án tilhlutunar gasstöðvarinnar að leggja gasæðar við gasleiðslu bæjarins. Þykir réttinum því, að öllu þessu athuguðu, og með því að ekki er hægt eftir því, sem fyrir liggur að skera með vissu úr um það hver ábyrgðina beri á umræddu verki, að rétt hafi verið að stefna gasstöðinni eða þeim, sem ber ábyrgð á henni inn í mál þetta til þess að gæta réttar síns. En þar sem það hefir ekki verið gert þykir verða að vísa málinu frá ex officio. Eftir atvikum verður málskostnaður að falla niður.

Föstudaginn 3. maí 1935.

Nr. 104/1934. Guðbjörg Pálsdóttir og Marel Magnússon (Eggert Claessen)
 gegn

Margréti Halldórsdóttur
 (Guðm. Ólafsson).

Krafa barnsmóður um afhendingu barns hennar eigi tekin til greina gegn yfirlýstu samþykki hennar til fósturforeldra barnsins um að þau mættu taka það og halda því sem sínu eigin.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 2. júní 1934: Stefnð Guðbjörg Pálsdóttir og Marel Magnússon skulu afhenda stefnöndu, Margréti I. Halldórsdóttur, barn hennar, Ernu Dóru, og viðurkennist foreldravald stefnöndu yfir nefndu barni. Stefnð greiði stefnöndu kr. 75,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa krafizt þess, að *allega*, að hinn áfrýjaði dómur væri ómerktur og að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að þau verði

sýknuð af kröfum stefndu í máli þessu. Af hálfu stefndu, sem hefir fengið gjafvörn og sér skipaðan talsmann í hæstarétti, hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, verður ekki álitíð, að barnaverndarnefnd sé með 9. tölulið 6. gr. laga nr. 43/1932 fengið vald til að úrskurða almennt ágreining milli einstakra manna um foreldravald yfir börnum, og verður aðalkrafa áfrýjenda því ekki tekin til greina.

Í yfirlýsingu stefndu og barnsföður hennar frá 3. júní 1933, sem gefin var nálægt 5 mánuðum eftir að áfrýjendur höfðu tekið barn þeirra, sem er óskilgetið, til fósturs, og því eftir að foreldrar þess gátu sannfært sig um, að vel fór um barnið, segir svo, að stefnda og barnsfaðir hennar hafi fengið áfrýjendum barn sitt þá óskirt, til uppfósturs, og að þau megi hafa það hjá sér, sem sitt eigið barn, svo lengi sem þau æskja þess. Það er in confesso í málinu, að áfrýjendur, sem tjást þá hafa verið barnlaus, tóku barnið og hafa haft það síðan án þess að til meðgjafar hafi verið ætlaðt og án þess að meðgjöf hafi verið krafín, boðin eða þegin. Og það er ekki heldur véfengt, að það hafi verið bein og stefndu vitanleg ákvörðunarástæða hjá áfrýjendum, er þau tóku barnið, að þau mættu hafa það og halda því, svo sem það væri þeirra eigið barn, enda hafa þau sýnt vilja sinn í því efni með því að sækja um leyfi til að ættleiða það og með því síðan að neita að láta barnið af hendi við stefndu. Áðurnefnd yfirlýsing verður því að teljast hafa í sér fólgið skýlaust sam-

þykki stefndu á því, að áfrýjendur mættu taka og hafa barnið, eins og það væri þeirra eigið barn, og þar á meðal ættleiða það. Það verður ekki álitíð, að í 1. málsg. 32. gr. laga nr. 45/1921 felist heimild til handa stefndu, án þess að áfrýjendur gæfu nokkurt tilefni til þess, til að afturkalla hina skýlausu yfirlýsingu sína eftir að áfrýjendur höfðu sýnt það í verki með umsókn sinni um ættleiðingu barnsins, að þau höfðu fullan huga á því að takast að lögum á hendur allar foreldraskyldur gagnvart því og hinu opinbera og veita því gagnvart þeim réttindi skilgetins barns, þar á meðal erfðarétt og framfærslurétt, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1927. Verður samkvæmt þessu að taka varakröfu áfrýjenda til greina og sýkna þau af kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðast 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur Guðbjörg Pálsdóttir og Marel Magnússon eiga að vera sýkn af kröfum stefndu, Margrétar Halldórsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 100 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að hinn 3. janúar f. á. ól Margrét I. Halldórsdóttir, ógift stúlka til heimilis í Vestmannaeyjum, ungbarn, sem skirt var Erna Dóra, og er faðir þess Júlíus Sigvaldason, Njálsgötu 23, hér í bæn-um. Er barnið var 12 daga gamalt var því komið fyrir til fösturs hjá hjónunum Guðbjörgu Pálsdóttur og Marel Magnússyni, Lindargötu 9 hér í bæ, og hefir það verið hjá þeim síðan. Hinn 3. júní f. á. gáfu foreldrar barnsins nefndum hjónum skriflega yfirlýsingu þess efnis, að þau hefðu fengið hjónunum barnið til uppfösturs. Segir í yfirlýsingunni, að hjónin megi hafa barnið hjá sér sem sitt eigið svo lengi sem þau æski þess. Í dezembermánuði síðastliðnum óskaði móðir barnsins að taka það til sín, og hafa það hjá sér á heimili sínu í Vestmannaeyjum, en hjónin neituðu að afhenda það.

Leitaði þá móðirin aðstoðar fógeta til þess að fá umráð yfir barninu með innsetningargerð, en með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 28. febr. s. l. var neitað um framgang gerðarinnar á þeim grundvelli að fógetarétturinn væri eins og ástæði ekki bær að skera úr ágreiningnum. Höfðaði þá móðir barnsins, fyrnefnd Margrét Halldórsdóttir, mál þetta fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 5. marz s. l. gegn nefndum hjónum, Guðbjörgu Pálsdóttur og Marel Magnússyni, og hefir hún gert þær réttarkröfur, að viðurkennt verði með dómi réttarins foreldravalld hennar yfir nefndu stúlkubarni, Ernu Dóru Júlíusdóttir, að stefnd hjón verði dæmd til þess að sleppa barninu og fá það henni í hendur, og loks, að stefnd verði dæmd til þess að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefnd hafa mótmælt kröfum stefnöndu. Krefjast þau þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara hafa þau krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnöndu. Þá krefjast þau málskostnaðar sér til handa hvernig sem málið fer.

Stefnanda hefir hinsvegar mótmælt eindregið framan- greindum varnarástæðum stefndra og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Frávísunarkröfuna byggja stefnd á því, að mál þetta heyri ekki undir dómstólana, heldur úrskurð barnavernd-

arnefndar hér í bænum, samkv. 9. lið 6. greinar laga nr. 43 frá 23. júní 1932 um barnavernd. Hafa stefnd fengið úrskurð barnaverndarnefndar hér fyrir því, að barnið skuli ekki frá þeim tekið móti vilja þeirra og telja þau, að með úrskurði þessum séu fengin fullnaðar úrslit þessa máls, og honum verði stefnanda að hlíta, nema því aðeins, að honum verði hrundið af barnaverndarráði. Það er nú að visu svo, að með nefndum lögum er barnaverndarnefndum falið rannsóknar- og úrskurðarvald um ýms mál barna innan 16 ára aldurs, en ekki verður séð, að nefndum þessum sé með lögum heimilað úrskurðarvald um ágreining slíkan, sem um er að ræða í þessu máli, og er þá umræddur úrskurður nefndarinnar þýðingarlaus fyrir úrslit þess og verður þá frávísunar-krafa stefndra ekki tekin til greina.

Sýknukröfuna byggja stefnd hinsvegar á því, að með áðurnefndri yfirlýsingu frá 3. júní f. á. hafi stefnanda afsalað sér öllum rétti til að heimta barnið til sín meðan þau æsktu eftir að hafa það hjá sér. Með yfirlýsingunni hafi stefnanda ekki einungis ráðstafað foreldravaldi sinu yfir barninu, heldur og gefið þeim leyfi til að ættleiða barnið, en samkvæmt gamalli venju sé ættleiðing heimil enda þótt hún svifti foreldra valdi yfir börnunum til fullnaðar. Telja stefnd að samþykki til ættleiðingar af hálfu foreldra geti því vel verið bindandi og óafturkræft enda þótt ráðstafanir á foreldravaldi eingöngu séu riftanlegar eftir gildandi lögum.

Það verður nú ekki fallizt á það hjá stefndum, að hægt sé gegn mótmælum stefnöndu, að leggja það inn í efni fyrgreindrar yfirlýsingar hennar, að hún hafi gefið óskorðað samþykki sitt til að stefnd ættleiddu nefnt stúlkebarn. Til þess er orðalag yfirlýsingarinnar of óákveðið. Verður vart að áliti réttarins talist felast meira í yfirlýsingunni en það, að stefnanda hafi viljað leyfa stefndum uppfóstur barnsins og umráð (foreldravald) yfir því um óákveðinn tíma, án þess þó að um gjöf á barninu til þeirra væri að ræða.

Í 32. gr. laga nr. 46 frá 1921 er svo ákveðið, að móðir óskilgetins ósjálfráða barns hafi jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til þess að hafa barn sitt hjá sér og ráða því að öðru leyti, en í lögum nr. 57 frá 1921 um afstöðu

foreldra til skilgetinna barna segir svo í byrjun 20. gr., að foreldrar ráði báðir saman, séu þeir samvistum verustað barna sinna og öðrum persónulegum högum þeirra eða með öðrum orðum að hjónin hafi bæði *foreldravald* yfir börnunum. Samkvæmt þessu hefir þá móðir óskilgetins barns ein foreldravald yfir barni sínu, en faðir þess hinsvegar engan umráðarétt yfir því. Nú segir svo í 4. málsg. 20. greinar siðarnefndra laga, að foreldrar megi fela öðrum að fara með foreldravald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma en eigi til fullnaðar. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnöndu, að leyfi hennar, samkvæmt oftnefndri yfirlýsingu til hinna (stefndu) til uppfósturs og umráða oftnefndu stúlkubarni hennar, Ernu Dóru, sé afturkallanlegt hvenær sem er, og hefir stefnanda þá fullan rétt að fá barnið í sínar hendur og viðurkennt foreldravald sitt yfir því, og ber því að taka framangreindar dómkröfur hennar í þessu efni til greina, enda hefir ekkert komið fram undir rekstri málsins, er sanni það, að stefnanda sé ekki fær um að annast uppeldi barnsins sjálf.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að stefnd greiði stefnöndu kr. 75.00 í málskostnað.

Mánudaginn 6. maí 1935.

Nr. 40/1934. **Sveinn Teitsson** (Eggert Classen)
gegn

Þóru Guðmundsdóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Kaupkrafa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. sept. 1933: Aðalstefndur, Sveinn Teitsson, greiði aðalstefnanda, Þóru Guðmundsdóttur kr. 949.34 með 5% ársvöxtum frá 12. maí 1932 til greiðsludags og kr. 100.00 upp í málskostnað innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.